



Reykjavíkurborg

Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum

Ábyrgð Reykjavíkurborgar

Helgi Viborg deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness
Hákon Sigursteinsson deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts
Hrund Logadóttir verkefnastjóri sérkennslu á fagskrifstofu grunnskóla SFS
Elísabet Helga Pálmadóttir verkefnastjóri sérkennslu á fagskrifstofu leiksskóla SFS

13. maí 2016

Um framkvæmd ábyrgðarþátta Reykjavíkurborgar samkvæmt Samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitafélaga, dags. 8. maí 2014. Tillögur að ábyrgðarskiptingu og fyrirkomulagi um þjónustu við börn sem falla undir samkomulagið.

Tillögur

1. **Vinnuhópurinn telur að samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2014 sé það ábyrgð Reykjavíkurborgar að veita þjónustu talmeinafræðinga við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam á leik- og grunnskólaaldri. Vinnuhópurinn leggur til að talmeinafræðingar verði ráðnir og verði hluti af þverfaglegri sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í Reykjavík.**
2. **Vinnuhópurinn leggur til að sviðsstjórar SFS og VEL skipi nefnd sem stofni til viðræðna við ríkið og stofnanir þess í samræmi við rammasamning Sjúkratrygginga Íslands og sveitarfélaga frá 13. maí 2015, varðandi talmeinamál 16-18 ára ungmenna og barna með miðlungs málþroskavanda sem falla undir ábyrgð ríkisins samkvæmt framangreindu samkomulagi frá 8. maí 2014.**

Efnisyfirlit

Tillögur	1
1. Aðdragandi	3
2. Lög, reglugerðir, skýrslur og samningar	4
2.1 Ábyrgð Reykjavíkurborgar	5
2.2 Ábyrgð ríkisins	5
2.3 Anmarkar á skiptingu ábyrgðar	5
3. Núverandi staða í Reykjavík	6
3.1 Leikskólar	7
3.2 Grunnskólar	7
3.3 Þróunarverkefni í Grafarvogi	8
4. Tillögur hópsins	8
4.2 Tillaga 1.....	8
4.2 Tillaga 2.....	9
5. Kostnaðaráætlun	10
Fylgiskjöl	12

1. Aðdragandi

Þann 1. desember 2015 var stofnað til vinnuhóps starfsmanna skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna talþjálfunar barna í leik- og grunnskólum. Stofnað var til hópsins vegna samkomulags á milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, frá 8. maí 2014, um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Í erindisbréfi hópsins kemur fram að mikilvægt sé að Reykjavíkurborg taki ákvörðun um með hvaða hætti skuli útfæra ábyrgð borgarinnar í samræmi við þetta samkomulag enda sé um að ræða mikilvæga þjónustu fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri.

Samkvæmt erindisbréfi vinnuhópsins er hlutverk hans:

1. Að leggja fram tillögur um framkvæmd ábyrgðarþátta Reykjavíkurborgar samkvæmt Samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. maí 2014.
2. Að leggja fram tillögu um ábyrgðarskiptingu milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs m.a. um hvar þjónustan fari fram, staðsetningu þeirra starfsmanna sem sinna þjónustunni, ábyrgð á eftirfylgd og annað sem vinnuhópurinn telur skipta máli.
3. Að leggja fram tillögu um aðkomu Reykjavíkurborgar að börnum sem falla undir ábyrgð velferðarráðuneytis skv. ofangreindu samkomulagi til samræmis við rammisamning milli Sjúkratrygginga Íslands og sveitarfélaganna eða stofnanna þeirra, dags. 13. maí 2015.
4. Að leggja fram kostnaðaráætlun vegna þjónustu við þau börn sem falla undir ábyrgð sveitarfélagsins.

Vinnuhópurinn skipa:

- Helgi Viborg, deildarstjóri Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness sem leiðir hópinn.
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri Þjónustumiðstöð Breiðholts.
- Hrunn Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu, fagskrifstofu grunnskóla á SFS.
- Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu, fagskrifstofu leikskóla á SFS

Starfstími hópsins er frá 2. desember 2015 til 1. febrúar 2016. Ábyrgðaraðilar hópsins eru Guðlaug Sturlaugsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Kristjana Gunnarsdóttir skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu velferðarsviðs. Skil hópsins eru til sviðsstjóra sviðanna.

2. Lög, reglugerðir, skýrslur og samningar

Ábyrgð sveitarfélaga vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam fer skv. lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010 og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 með síðari breytingum. Ábyrgð velferðarráðuneytisins fer skv. reglugerð um þjálfun og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun nr. 166/2014. Á framangreindum lögum og reglugerðum byggir samkomulag milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam frá 8. maí 2014.

Erlendar rannsóknir sýna að um 15% leikskólabarna og 10% grunnskólabarna þurfi aðstoð vegna tal- og málþroskavanda. Hér á landi eru ekki til neinar opinberar tölulegar upplýsingar um fjölda barna sem greind hafa verið með tal- og málþroskavanda. Miðað við þessar erlendu tíðnitölur má gera ráð fyrir að í hverjum árgangi (frá tveggja til 18 ára) þurfi að minnsta kosti 300 börn á aðstoð að halda (samtals um 4.800 börn). Ef miðað er við víðari skilgreiningar gætu þetta verið allt að 700 börn í árgangi (samtals um 11.200 börn) (Skýrsla Mennta- og menningamálaráðuneytis, 2012).

Út frá þessum tölum má sjá að líklegt er að hópur barna með tal- og málþroskavanda sé vangreindur og fái því ekki viðeigandi þjónustu þar sem talmeinafræðingum berast mun færri tilvísanir en þessar tölur gefa til kynna. Þrátt fyrir það eru langir biðlistar eftir talþjálfun til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Mun fleiri talmeinafræðingar sinna greiningum á tal- og málþroskavanda barna á Íslandi en þeir talmeinafræðingar sem sinna íhlutun eftir greiningu. Þetta leiðir til þess að mikill skortur er á ráðgjöf og meðferðarúræðum fyrir þessi börn (Skýrsla Mennta- og menningamálaráðuneytis, 2012).

Greining á tal- og málþroskavanda ásamt talþjálfun fer fram hjá talmeinafræðingum á heilbrigðisstofnunum (Heyrnar og talmeinastöð Íslands, Greiningar og rágjafastöð ríkisins, Barna og unglunga geðdeild og Barnaspítali Hringisins) og sérfræðiþjónustu sveitafélagana (skólaskrifstofur og þjónustumiðstöðvar). Einnig fer greining og þjálfun fram á stofum sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga, niðurgreidd af Sjúkratryggingum Íslands.

Að lokinni greiningu er þjónusta við börn með tal- og málþroskavanda mismunandi eftir aldri barna, búsetu og alvarleika vandans. Börnum býðst að koma í talþjálfun hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum í Reykjavík, og víðar í öðrum sveitarfélögum á landinu. Falli niðurstöður greiningar undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands er talþjálfun niðurgreidd í allt að 35 skipti á ári. Langir biðlistar eru í hins vegar í talþjálfun, á sumum stöðum allt að tveimur árum, en hjá fjórum stærstu talþjálfunarstofunum voru um 400 börn á biðlista í byrjun mars 2012 (Skýrsla Mennta- og menningamálaráðuneytis, 2012).

Þetta ástand gæti þýtt að foreldrar sinni ekki að setja börn á biðlista þar sem þjónustumöguleiki er svo fjarlægur. Þannig gæti vandinn verið meiri en biðlistatölur segja til um. Sérstaklega þarf að huga að máttlitlum og fátækum foreldrum sem gefast upp ef mótlæti er of mikið og sækja þá ekki nauðsynlega þjónustu fyrir börn sín.

2.1 Ábyrgð Reykjavíkurborgar

Ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málproskafrávik og stam er samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2014:

- i. Málproskaskimanir í leik- og grunnskólum. Útkoma úr skimunum ræður framhaldi, þ.e. hvort barn hafi góðan málproska, börn séu á mörkum og fái sértillit frá starfsfólki skóla eða börn sem eru undir 80 sem fara í frekara málproska- og framburðarmat (frumgreining).
- ii. Skýrslugerð og skilafundir.
- iii. Ráðgjöf og fræðsla.
- iv. Þjálfun barna sem falla undir viðmið sveitarfélags. (Áætlanir gera ráð fyrir og reynsla sýnir að af þeim börnum sem þurfa þjálfun er hlutur Reykjavíkurborgar 35-40% og börn sem falla undir viðmið um þjálfun sem S.Í. greiðir kostnað af 60-65%).
- v. Samskipti við talmeinafræðinga á vegum ríkis.
- vi. Eftirfylgni og endurmat.

2.2 Ábyrgð ríkisins

Ábyrgð ríkisins vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málproskafrávik og stam er samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2014:

- i. Framburðarfrávik:
 - a. 3 og 4 ára börn með 24 villur eða fleiri á framburðarprófi.
 - b. 5 og 6 ára börn með 18 eða fleiri villur á framburðarprófi.
 - c. 7 ára börn og eldri með 8 eða fleiri villur á framburðarprófi.
- ii. Málproskafrávik:
 - a. Miðað er við málproskatölu 80 og undir.
- iii. Stam:
 - a. Grunnskólabörn með miðlungs til alvarlegt stam (>4%)
 - b. Öll leikskólabörn með stam.

2.3 Annmarkar á skiptingu ábyrgðar

Vinnuhópurinn telur nokkra annmarka á þessari skiptingu á milli ríkis og Reykjavíkurborgar og telur æskilegt að því verði breytt til aukinnar hagræðingar og bættri þjónustu við börn og foreldra. Annmarkarnir eru aðallega þessir:

- i. Mörk eru ljós á milli vægari og miðlungsvanda barna í samningnum en vandi barna getur breyst á meðan þau bíða á biðlistum, þannig að þegar loks kemur að þeim falla þau ekki lengur undir skilgreiningu sem ríkið hefur sett og börnin eru send á milli aðila og fá þar af leiðandi seint og illa þjónustu.

- ii. Bið eftir þjónustu hjá einkastofum talmeinafræðinga er löng jafnvel á annað ár. Börn sem bíða á þessum biðlistum eru börn sem er hvað mikilvægast að fái þjónustu sem fyrst (snemmtæk íhlutun).
- iii. Flækjustig er mikið og vandi sem eðlilegast er að leysa í nærumhverfi barnsins er varpað á foreldra sem þurfa að fara úr vinnu til að sækja barn, bíða eftir því og keyra barnið aftur í skóla. Vegna þessa flækjustigs, biðtíma og kostnaðarþátttöku foreldra sinna margir foreldrar ekki þessum þörfum barnsins með tilheyrandi kostnaði síðar í skólakerfinu. (Hér má benda sérstaklega á foreldra af erlendum uppruna sem veigra sér við eða kunna ekki að fá heimild frá vinnuveitanda til að sinna þessum þætti hjá barni sínu.)
- iv. Talmeinafræðingar að störfum hjá stofunum Reykjavíkurborgar sjá um greiningu og leiðbeina foreldrum að sækja þjónustu fyrir barn sitt til talmeinafræðinga á stofu. Erfitt er að fylgja eftir hvort sú þjónusta skilar sér enda skortir yfirlit yfir hvaða börn fá þjónustu á einkastofu og hvaða börn ekki.
- v. Skil upplýsinga frá talmeinafræðingum í einkarekstri, fræðsla og leiðbeiningar eru ekki með sama hætti og ef umrædd þjónusta væri á sömu hendi hjá Reykjavíkurborg. Miðlun ráðgjafar frá einkaaðila til skóla barns er oft enginn, og þar af leiðandi tekur skólinn oft ekki þátt í þeirri þjálfun/vinnu sem æskileg er til að ná sem bestum árangri.
- vi. Skriffinnska, reikningshald og umsýsla minnkar hjá S.Í. en færirst til Reykjavíkurborgar þar sem hún sameinast grunnþjónustu.
- vii. Hér má einnig benda á þá áherslu laga að börn/nemendur fái stuðning, ráðgjöf og þjálfun innan leik- og grunnskóla en þurfi ekki að sækja slíkt út fyrir veggi skólans, nema nauðsyn beri til.

3. Núverandi staða í Reykjavík

Það er skoðun vinnuhópsins að þjónusta við börn með tal- og málþroskavanda sé ekki viðunandi í skólum Reykjavíkurborgar. Hvorki í í leik- né grunnskólum. Saga þessa þjónustuleysis er orðin löng og á sér margar skýringar m.a. skipulagsbreytingar innan Reykjavíkurborgar, færsla grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og ýmsar laga- og reglugerðabreytingar. Það sem þó vegur ef til vill þyngst er hversu ríkisvaldið hefur átt erfitt með og dregið lengi að skilgreina sína aðkomu að þessum vanda barna og ungmenna. Meðferð heilbrigðisvanda er samkvæmt lögum ábyrgðarhlutur ríkisstofnana. Vandinn hefur hins vegar verið sá að erfitt er að aðgreina hvað er heilbrigðisvandi og hvað ekki. Samband ísl. sveitarfélaga og ríkið hafa deilt um þetta mál í meira en tvo áratugi. Á meðan hafa börnin þurft að bíða. Þjónustuvandinn er því mikið til falinn þar sem foreldrar og aðrir sem að þjónustu við börn koma sjá ekki tilgang í að fylla á biðlista sem enga lausn býður upp á. *Fyrir Reykjavíkurborg þýðir þetta að þessi þjónusta við börn hefur ekki verið byggð upp á eðlilegum hraða í takt við þjónustuþörf heldur þarf nú að gera átak í málaflokknum og kosta all nokkru til vegna vanþjónustu í mörg ár.*

Í skýrslu Mennta- og menningamálaráðuneytis um *Stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun* (2012) segir m.a.: „Sérstaka athygli vekur hversu litla áherslu Reykjavík

leggur á að veita börnum og ungmennum með málþroskafrávik sérhæfða talþjálfun. Við grunnskóla borgarinnar voru talmeinafræðingar/talkennarar fastráðnir við 23 af 36 skólum í 10 til 50% hlutfalli (meðaltal 26%) árið 2010. Í tólf skólum til viðbótar voru gerðir samningar við talmeinafræðinga um að koma í skólann annað hvort reglulega eða þegar þörf var á. Talmeinafræðingar sinntu greiningu, ráðgjöf og þjálfun.“ (bls. 36). Einnig segir „Á leikskólum í Reykjavík voru 6.719 börn samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2011). Einn talmeinafræðingur í 20% verktakavinnu sinnir greiningum á börnum á leikskólaaldri á vegum Reykjavíkurborgar. Möguleikar á að uppfylla viðmiðanir reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu varðandi greiningu, tillögur að úrræðum og eftirfylgni hljóta að vera mjög takmarkaðir þegar einungis er einn talmeinafræðingur sem starfar í svo litlu starfshlutfalli. Enginn talmeinafræðingur hafði verið ráðinn til Þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.“ (bls. 36). Foreldrar sem eiga börn með þennan vanda hafa því þurft að leita mikið til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga en þar eru biðlistar langir og börn þurfa oft að bíða í meira en ár eftir þjónustu. Þessi staða er um margt áhyggjuefni þar sem vandi þessara barna hefur áhrif á grunnskólanám en slök staða barna í lestri hefur verið til umræðu (sbr. Pisaniðurstaða).

Nú er verið að vinna að því að setja á laggirnar Miðju máls og læsis á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur sem er fyrst og fremst þekkingarteymi ráðgjafa sem fara á vettvang og veita kennurum í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi mál og læsi. Starfsmenn teymisins munu starfa í nánú samstarfi við fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, sérfræðiþjónustu skóla, leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðvar, háskólasamfélagið og Menntamálastofnun. Teymið mun taka til starfa fyrir upphaf skólaárs 2016-2017.

3.1 Leikskólar

Undanfarin ár hefur verið gerður verktakasamningur við einn talmeinafræðing, í sem svarar hálfu stöðugildi, sem sinnir frumgreiningum fyrir leikskóla borgarinnar. Eðlilega er langt frá að þetta anni þörfum leikskólabarna. Reykjavíkurborg telur æskilegt að miða við eitt stöðugildi talmeinafræðings fyrir hver 1000 leikskólabörn. Í ljósi þess hversu þjónusta undanfarinna ára hefur verið lítil er vandinn uppsafnaður og eðlilegt að álíta að miða við 700 leikskólabörn í 3 ár og endurskoða þá þörfina. Þetta þýðir að Reykjavíkurborg þarf að endurskipuleggja fyrirkomulag sérkennslu í leikskólum og ráða talmeinafræðinga fyrir leikskóla sem þessu nemur. Á leikskólum borgarinnar eru alls 7039 börn.

3.2 Grunnskólar

Í fjárhagsáætlun grunnskóla Reykjavíkurborgar er ekki sérmerkt fjármagn til að sinna tal- og málþroskavanda heldur er gert ráð fyrir að skólar veiti þessa þjónustu af almennri úthlutun til sérkennslu. Í einu hverfi Reykjavíkurborgar, þ.e. Garafarvogi og Kjalarnesi er í gangi þróunarsamningur sem skólastjórar grunnskólanna beittu sér fyrir í samvinnu við Miðgarð, þjónustumiðstöð hverfisins og SFS. Talmeinafræðingar sinna því þjónustu við grunnskólabörn og hafa starfsaðstöðu í Miðgarði.

Í öðrum hverfum borgarinnar eru 17 skólar með þjónustu talmeinafræðings eða talkennara. Nokkrir skólar greiða verktökum fyrir talmeinaþjónustu á einkastofum eftir þörfum en 12

skólar hafa enga þjónustu. Til að jafnræði ríki varðandi þessa þjónustu í allri borginni, kemur til greina að veita skólastjórum val um að mæta þessari þjónustubörf á sama hátt og gert er í Grafarvogi og Kjalarnesi.

Í öðrum hverfum borgarinnar eru 17 skólar með þjónustu talmeinafræðings eða talkennara í 8-45% starfshlutfalli. Algengast er 20-25% starfshlutfall, samtals nemur þetta 4-5 stöðugildum. Nokkrir skólar greiða verktökum fyrir talmeinaþjónustu á einkastofum en 12 skólar hafa enga þjónustu.

3.3 Þróunarverkefni í Grafarvogi

Í Grafarvogi og Kjalarnesi sameinuðu skólarnir stöðuhlutföll sem þeir höfðu til að sinna þessum þætti og gerðu samning við sérfræðiþjónustuna í Miðgarði, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness um að hýsa talmeinafræðingana. Þetta þróunarverkefni hefur nú verið í 3 ár og ríkt ánægja með það. Skóla- og frístundasvið samþykkti að taka þátt í þróunarverkefninu og ráðstafaði einu stöðugildi talmeinafræðings til að sinna þjónustu við leikskólabörnin. Samtals er þetta 2.55 stöðugildi sem þrjár talmeinafræðingar hafa sinnt. Nú fyrir stuttu ákváðu ofanefndir aðilar að framlengja verkefninu í eitt ár.

4. Tillögur hópsins

Tillögur hópsins eru tvær, tillaga varðandi talmeinaþjónustu sem er á ábyrgð borgarinnar skv. samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2014 og tillaga um að borgin taki yfir hluta af þeirri þjónustu sem er samkvæmt samkomulaginu á ábyrgð ríkisins.

4.2 Tillaga 1

Vinnuhópurinn leggur til að þjónusta talmeinafræðinga við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam, sem samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2014 falla undir ábyrgð sveitarfélaga, verði hluti af þverfaglegri sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í Reykjavík sem staðsetti er á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Leikskólar – stöðugildi talmeinafræðinga:

Vinnuhópurinn leggur til að miða við að eitt stöðugildi talmeinafræðings verði í þjónustu fyrir hver 1000 leikskólabörn. Í ljósi þess hversu þjónusta undanfarinna ára hefur verið lítil er vandinn uppsafnaður og eðlilegt að álíta að miða við 700 leikskólabörn í 3 ár og endurskoða þá þörfina.

Leikskólabörn eru 7039 og skiptast á eftirfarandi hátt á milli þjónustusvæða:

Árbær og Grafarholt 1171 leikskólabörn.

Breiðholt 1074 leikskólabörn.

Grafarvogur og Kjalarnes 1095 leikskólabörn.

Laugardalur og Háaleiti 1550 leikskólabörn.

Miðbær, Hlíðar og Vesturbær 2149 leikskólabörn.

Alls er um að ræða 10 stöðugildi sem dreifðust annars vegar hlutfallslega á starfsstaði sérfræðipjónustu borgarinnar og hins vegar yrði tekið tillit til mismunandi þunga málfarslegs vanda vegna félagslegra aðstæðna í hverfum og fjölda barna af erlendum uppruna.

Grunnskólar – stöðugildi talmeinafræðinga:

Vinnuhópurinn leggur til að miðað verði við að eitt stöðugildi talmeinafræðings þjónusti 1500 grunnskólanemendum. Grunnskólanemendur voru 1. október 2015 14.389 og skiptast á eftirfarandi hátt á milli þjónustusvæða:

Árbær og Grafarholt 2.611 nemendur sem jafngildir um 1,7 stöðugildum talmeinafræðinga.

Breiðholt 2311 nemendur sem jafngildir um 1,5 stöðugildum talmeinafræðinga.

Grafarvogur og Kjalarnes 2412 nemendur sem jafngildir um 1,6 stöðugildum talmeinafræðinga.

Laugardalur og Háaleiti 3377 nemendur sem jafngildir um 2,3 stöðugildum talmeinafræðinga.

Miðbær, Hlíðar og Vesturbær um 3678 nemendur sem jafngildir um 2,5 stöðugildum talmeinafræðinga.

Alls er um að ræða 9,6 stöðugildi miðað við nemendafjölda grunnskólanna sem dreifðust annars vegar hlutfallslega á starfsstaði sérfræðipjónustu borgarinnar og hins vegar yrði tekið tillit til mismunandi þunga málfarslegs vanda vegna félagslegra aðstæðna í hverfum og fjölda barna af erlendum uppruna.

Fyrirkomulag, samskipti og stjórnun.

- a. Lagt er til að talmeinafræðingar starfi á þjónustumiðstöðvum og heyri undir sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla. Stjórnsýsla og boðleiðir um starfsemina verði gerðar skýrar.
- b. Þjónustan fari fram út í leik- og grunnskólum, enda verði séð til þess að aðstaða sé þar fyrir hendi.
- c. Vinna talmeinafræðinga verði samskvæmt starfsáætlun skóla- og frístundasviðs, áætlunum um lestrar- og læsisstefnu og samkvæmt annarri stefnumótun sviðsins um tal-, málörvun, lestrargetu og lesskilning.
- d. Tvisvar á ári fundi talmeinafræðingar og deildarstjórar sérfræðipjónustu með skrifstofustjórum og verkefnastjórum SFS um starfsemi talmeinafræðinga og áherslur í vinnu þeirra.
- e. Árlega skili sérfræðipjónustan skýrslu um þjónustu talmeinafræðinga í samræmi við kröfur SFS þar um.

4.2 Tillaga 2

Vinnuhópurinn leggur til að sviðstjórar SFS og VEL skipi nefnd sem stofni til viðræðna við ríkið og stofnanir þess í samræmi við rammasamning Sjúkratrygginga Íslands og sveitarfélaga frá 13. maí 2015 varðandi talmeinafræðinga 16-18 ára ungmenna og barna með miðlungs málþroskavanda, sem falla undir ábyrgð ríkisins samkvæmt framangreindu samkomulagi frá 8. maí 2014.

- a. Nefndin skoði möguleika á að gerður verði sérstakur þjónustusamningur um að veita 16 til 18 ára framhaldsskólanemendum stoðþjónustu talmeinafræðinga.
- b. Nefndin skoði möguleika á að gerður verði samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar um að borgin taki yfir alla talmeinaþjónustu við börn og ungmenni með miðlungs tal- og málþroskafrávikum sem nú er á ábyrgð velferðarráðuneytisins skv. framangreindum samningi frá 8. maí 2014. Þjónustan felur í sér að sinna ítarlegri greiningu, úrvinnslu, þjálfun, ráðgjöf, fræðslu og eftirfylgd mála. Miðlungs tal- og málþroskafrávik eru hér talin þau börn sem fá málþroskatölu 70 til 80 en nánari skilgreiningar er þörf. Áætla má að börn sem falla undir þetta ákvæði séu um 6 -700 í Reykjavík.
Vinnuhópurinn telur frumgreining og meðferð barna með alvarleg frávik skuli vera áfram á ábyrgð ríkisins. Ákvæði um skýrslugerð og skil til sérfræðiþjónustu verði hins vegar gerð skýrari en nú er svo og hvernig ráðgjöf til foreldra og starfsmanna skóla verði háttað vegna þessara barna. Börn í leik- og grunnskólum, með alvarleg frávik fái hins vegar skimun og frumgreiningu hjá sérfræðiþjónustu eftir því sem við á. Jafnframt er æskilegt að sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla sjái um gerð tilvísana til talmeinafræðinga, en gerð slíkra tilvísana er nú í höndum lækna. Börn yngri en 6 ára með alvarleg frávik og eru ekki í skóla sé alfarið sinnt af ríkinu (HTÍ).

5. Kostnaðaráætlun

a. Vegna leikskóla

Nefndin leggur til að í 3 ár verði miðað við eitt stöðugildi fyrir hver 700 leikskólabörn. Leikskólabörn eru um 7000 og því þarf að ráða talmeinafræðinga í 10 stöðugildi. Kostnaður við hvert stöðugildi er áætlað 7,5 milljónir eða alls 75 milljónir.

b. Vegna grunnskóla

Nefndin leggur til að miðað verði við eitt stöðugildi fyrir hverja 1500 grunnskólanemendur. Grunnskólanemendur í almennum grunnskólum og sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík 1. október 2015 14.389 Því þarf að ráða talmeinafræðinga í 9,6 stöðugildi. Kostnaður við hvert stöðugildi er áætlað 7,5 milljónir eða alls 72 milljónir.

c. Ábyrgðarhlutur SFS

Skóla- og frístundasvið þarf að gera innleiðingaráætlun um umrædda þjónustu, ásamt ítarlegri kostnaðaráætlun. Sömuleiðis ákveða fyrirkomulag greiðslu og samningagerð við grunnskóla og velferðasvið f.h. þjónustumiðstöðva. Í starfsáætlanagerð SFS þarf þjónustuþáttur að vera skýr sem og tengsl hans við aðra starfsemi sviðsins.

d. Ábyrgðarhlutur VEL – sérfræðiþjónustu.

Að hýsa og sinna stjórnslu í samræmi við samning um þjónustu talmeinafræðinga.

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf. Vinnuhópur starfsmanna skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna talþjálfunnar barna í leik- og grunnskóla.
2. Samkomulag milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam, dags. 8. maí 2014.
<http://www.samband.is/media/skolamal/Samkomulag-talmeinathjonusta.pdf>
3. Rammasamningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og sveitarfélaganna eða stofnanna þeirra, dags. 13. maí 2015.
4. Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. Unnið fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi. 2012.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=9E66B5DBB82A586D00257D39003A2862&action=openDocument>
5. Þróunarverkefni um þjónustu talmeinafræðinga við leik- og grunnskóla í Grafarvogi og Kjalarnesi. Stöðuskýrsla fyrir skólaárið 2013 - 2014.
6. Þróunarverkefni um þjónustu talmeinafræðinga við leik- og grunnskóla í Grafarvogi og Kjalarnesi. Stöðuskýrsla fyrir skólaárið 2014 - 2015.
7. Verkefni talmeinafræðinga Miðgarðs frá hausti 2013 til sumars 2015 í leik- og grunnskólum. Tekið saman í janúar 2016.
8. Talmeinafræðingar og talkennarar í grunnskólum, yfirlit tekið saman í febrúar 2016.
9. Minnisblað. Þjónusta talmeinafræðinga/talkennara í grunnskólum, dags. 2. október 2013.
10. Minnisblað. Talþjálfun í grunnskólum, skyldur ríkis og sveitarfélaga, dags. 23. október 2013.
11. Umsögn um tillögu að fyrirkomulagi þjónustu við börn og ungmenni með tal- og málþroskaraskanir, dags. 9. september 2014.
12. Um þjónustu talmeinafræðings Skólaþjónustunnar. Skólaþjónusta Rangárvallar- og Vestur - Skaftafellssýslu. <http://vefur.skolamal.is/wordpress/wp-content/uploads/2015/08/%C3%9Ej%C3%B3nusta-talmeinafr%C3%A6%C3%B0ings.pdf>
13. Reglugerð um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. 166/2014. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/18957>

14. Svar Reykjavíkurborgar vegna þjónustu talmeinafræðinga dags. 1. mars 2016.